DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Svansmerkið Prentgripur 1041 0858

Nr. 2533 Síðan 1968 52. árgangur

Miðvikudagur 29. janúar 2020

dfs@dfs.is – vefútgáfa: dfs.is
Sími 482 1944 · Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Málefni hreinsistöðvar mjakast áfram í Árborg

Sveitarfélagið Árborg hefur nú lagt fram frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna hreinsistöðvar fráveitu á Selfossi. Þá geta allir sem áhuga hafa á málinu kynnt sér skýrsluna en hana má finna á vef Skipulagsstofnunar eða á bæjarskrifstofum Árborgar, Bókasafni Árborgar og í Þjóðarbókhlöðunni. Athugasemdir við skýrsluna skulu berast eigi síðar en 4. mars 2020 til Skipulagsstofnunar.

Kynningarfundur fyrirhugaður vegna málsins

Þann 29. janúar verður kynningarfundur í Tryggvaskála þar sem farið verður ítarlega yfir málefni skýrslunnar. Sveitarfélagið Árborg áformar að reisa hreinsistöð fyrir fráveitu við Sandvík, norðan við flugvöllinn á Selfossi. Markmið framkvæmdarinnar er að koma á hreinsun skólps frá Selfossi sem uppfyllir skilyrði laga og reglugerða, en í dag er skólp að mestu losað óhreinsað í Ölfusá. Framkvæmdin er matsskyld skv. lögum.

Mynd úr frummatsskýrslu vegna hreinsistöðvar.

Þrír valkostir metnir með tilliti til umhverfisáhrifa

Lagt var mat á umhverfisáhrif þriggja valkosta með útrás í Ölfusá, þ.e. eins þreps hreinsun, tveggja þrepa hreinsun og ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun, og eins valkostar sem felst í grófhreinsun með útrás í sjó utan við Eyrarbakkahöfn. Metin voru áhrif ofangreindra valkosta á; vatnsgæði viðtaka, lífríki viðtaka, lyktarónæði, sjónræn áhrif, útivist, gróðurfar, fuglalíf, fornleifar, landnotkun og auðlindanýtingu. Umhverfisáhrif voru metin með hliðsjón af samþykktri matsáætlun og þeim rannsóknum sem unnar hafa verið í tengslum við matið.

Aðalvalkostur felst í byggingu tveggja þrepa hreinsistöðvar við Geitanesflúðir

Aðalvalkostur sveitarfélagsins Árborgar felst í byggingu tveggja þrepa hreinsistöðvar við Geitanesflúðir með útrás í Ölfusá. Valkosturinn var valinn með hliðsjón af niðurstöðu umhverfismats og samanburði á stofn- og rekstrarkostnaði allra valkosta. *-gpp*

Hlutfall erlendra ríkisborgara hæst í Mýrdalshreppi

Þjóðskrá Íslands tók saman upplýsingar um fjölda erlendra ríkisborgara með skráða búsetu hér á landi eftir sveitarfélögum. Þegar horft er til allra sveitarfélaga að jafnaði er hlutfallið um 14% Hæst er það 44% og lægst, 1%, í Svalbarðshreppi á Norðurlandi eystra.

Næst hæsta hlutfall erlendra ríkisborgara í Skaftárhreppi

Í samantektinni kemur fram að í Mýrdalshreppi eru alls 44% íbúa með erlent ríkisfang. Þann 1. desember sl. voru 319 erlendir ríkisborgarar skráðir með búsetu í Mýrdalshreppi af alls 717 íbúum hreppsins.

Skaftárhreppur er með næst hæsta hlutfall erlendra ríkisborgara eða 33%. Þá er Bláskógabyggð með alls 28%. Þegar horft er til landshlutans í heild er hlutfall íbúa með erlent ríkisfang um 14%. Lægst er hlutfallið í Hveragerði með 6% íbúa með erlent ríkisfang. *-gpp*

ART-teyminu á Suðurlandi tryggt fjármagn til eins árs

ART-teymið á Suðurlandi kemur með ýmsum hætti að málefnum barna á Suðurlandi. Teymið sinnir ART þjálfun, en aðferðin er árangursrík aðferð sem byggir á þjálfun í félagsfærni, sjálfsstjórn og siðferði með það að markmiði að draga úr óæskilegri hegðun hjá ungu fólki. Aðferðin hentar vel þeim sem greinst hafa með ýmis þroska- eða hegðunarfrávik, ofvirkni og alvarlegar atferlistruflanir. Þá hefur teymið haldið námskeið um allt land þaðan sem þátttakendur útskrifast með réttindi til að starfa sem ART-þjálfarar í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Mikilvægasta hlutverk teymisins er þó að bjóða upp á handleiðslu til skóla og skólaþjónustu á Suðurlandi. Þá sinnir teymið svokölluðu Fjölskyldu-ART í samstarfi við foreldra og skóla barnsins. Sú vinna hefur skilað mörgum sunnlenskum fjölskyldum og börnum bættri líðan í leik og starfi.

Mikilvægt að tryggja fjármuni til lengri tíma

Verkefnið hefur fengið fjármögnun til eins árs í einu í talsvert langan tíma. Stjórn SASS áréttar í fundargerð sinni nauðsyn þess að félags- og barnamálaráðherra gangi strax frá nýjum samningi um ART-verkefnið og gildistími hans sé til fimm ára þannig að hægt verði að eyða óvissu og halda áfram þessu mikilvæga verkefni.

Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sagði í samtali við blaðið að mikilvægt væri að tryggja verkefninu fjármuni til lengri tíma. Með því væri hægt að eyða óvissu um framhaldið sem upp kæmi á hverju ári. „Það er ákaflega mikilvægt starf sem unnið er hér með fjölskyldum á Suðurlandi. Teymið er öflugt og tekst að halda vel utan um þær fjölskyldur sem á þurfa að halda. Það væri verkefninu til framdráttar að fá tryggt fjármagn til lengri tíma því óneitanlega hefur það áhrif að tjalda sífellt til einnar nætur. Það er því von okkar að frá þessu verði gengið sem fyrst.“ *-gpp*



BUXNADAGAR
Á ÚTSÖLUNNI
Við rýmum buxnalagerinn okkar og hækkum afsláttinn á útsölunni

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Þorrablót Farmers Bistro

8. febrúar
Húsið opnar kl. 19:30.
Pantanir í s: 519-0808 eða á booking@farmersbistro.is
Garðastígur 8, 845 Flúðir

Stórkostlegt þorra hlaðborð
Veislustjóri verður hinn eini sanni **Guðni Ágústsson**
Fram koma:
Frá getnaði til grafar

Bistro Bandið leikur fyrir dansi

Verð 7.900 kr. á mann.

Hrós vikunnar

Kári Helgason
er hrósari vikunnar að þessu sinni:

Kári Helgason

Hrós vikunnar fær hið nýja **G.K. bakarí** á Selfossi. Aðdáunarvert þegar ungt og efnilegt fólk fylgir eftir sannfæringu sinni og hellir sér út í atvinnurekstur. Ekki er annað að sjá en að vel hafi tekist til við breytingar á gamla bakaríinu hans Guðna. Frábær þjónusta og gómsætar kræsingar.

Kári Helgason

Ég skora á vin minn Gunnar Bjarka Rúnarsson að koma með hrós næstu viku.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Gunnar, sendu okkur hrósið á netfangið dagskrain@prentmet.is.
Ekki væri verra að fá mynd með :)

Áfram veginn árið 2020

Rétt er að vekja athygli atvinnubílstjóra á mikilvægi þess að ljúka endurmenntun áður en gildistími ökuskírteinis rennur út.

Á undanförnum árum hafa mjög margir bílstjórar lokið endurmenntun í samræmi við nýjar reglur sem innleiddar voru hér á landi árið 2015. Flestir hafa lokið endurmenntun sinni í heimabyggð en þó eru margir sem hafa tekið námskeið í Þýskalandi á vegum Ökulands. Margir bílstjórar hafa haft orð á því að þessi upprifjun geri þeim gott og er það alveg í samræmi við það sem t.d. sjómenn segja sem verða að taka námskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna.

Hver sá bílstjóri sem stundar vöru- eða farþegaflutninga í atvinnuskyni á stórri bifreið, skal sækja endurmenntun á fimm ára fresti og er það skilyrði til þess að fá ökuskírteinið endurnýjað. Táknatalan 95 á bakhlið ökuskírteinis gefur til kynna að ökumaður hafi réttindi til aksturs í atvinnuskyni á stóra bifreið.

Endurmenntun samanstendur af fimm námskeiðum, þremur sem eru skylda og síðan er hægt að velja tvö sem valnámskeið. Dreifa má námskeiðunum eftir hentugleika á fimm ára gildistímabil ökuréttindanna. Hvert námskeið spannar 7 klukkustundir með eðlilegum hléum. Á námskeiðum er reynt að virkja og miðla reynslu bílstjóra, kynna nýjungar og rifja upp fyrra nám. Engin próf eru í lok námskeiðs. Ökuland ökuskóli mun á næstunni bjóða uppá endurmenntun á íslensku og ensku, ásamt meiraprófsnámskeiðum. Nánar inni á okuland.is.

Lionsklúbburinn Geysir færir félagsheimilinu Aratungu hjartastuðtæki að gjöf

Lionsklúbburinn Geysir hefur fært félagsheimilinu Aratungu hjartastuðtæki að gjöf. Formaður klúbbsins, Þorsteinn Þórarinsson, og Sigurjón Pétur Guðmundsson, gjaldkeri, afhentu Helga Kjartanssyni, oddvita, stuðtækið og verður því komið fyrir í Aratungu. Félagar í Lionsklúbbnum vinna ötullega að ýmsum líknarmálum og veita styrki til samfélagsverkefna.

Bláskógabyggð semur við Sjóvá

Bláskógabyggð hefur samið við Sjóvá um vátryggingar fyrir sveitarfélagið. Samningurinn er gerður að undangenginni verðkönnun, þar sem Sjóvá átti hagstæðasta boð, og ákvað sveitarstjórn að taka tilboðinu og gera samning til 3ja ára. Tryggingaiðgjöldin lækka lítið eitt á milli ára, þrátt fyrir að aukið hafi verið við tryggingaverndina. Meðfylgjandi mynd var tekin við undirritun Ástu Stefánsdóttur, sveitarstjóra, og Guðjóns Bjarna Hálfdánarsonar, útibússtjóra Sjóvár, á samningnum.

Sindri Bernholt kemst áfram í Landskeppninni í líffræði

Sindri Bernholt, nemandi í 2. N í Menntaskólanum að Laugarvatni, endaði í 4. sæti í landskeppninni í líffræði. Keppnin fór fram þann 15. janúar sl. Þeir 24 keppendur sem efstir eru í keppninni halda áfram í næstu umferð. Keppnin mun fara fram í Háskóla Íslands. Í þeirri keppni mun reyna á keppendur að leysa verklegar þrautir í líffræði. Ef Sindra gengur vel í næstu keppni mun hann eiga möguleika á því að komast á Ólympíuleikana í líffræði sem haldnir verða í júlí í borginni Nagasaki í Japan. *-gpp*

Kynningarfundur fyrir rafíþróttadeild UMFS haldinn á Selfossi

RAFÍÞRÓTTIR Fjöldi áhugasamra einstaklinga voru samankomnir þriðjudaginn 21. janúar sl. í kjallara Vallaskóla til að kynna sér fyrirhugaða stofnun rafíþróttadeildar Ungmennafélags Selfoss í samstarfi við Sveitarfélagið Árborg og frístundahús Árborgar. Þá finna forsvarsmenn keppninnar fyrir miklum áhuga hjá ungmennum og foreldrum þeirra.

Keyra verkefnið í gang

Mikill hugur er í forsvarsmönnum verkefnisins, Gunnari E. Sigurbjörnssyni, frístunda- og forvarnafulltrúa Árborgar og Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra Umf. Selfoss. „Við erum búnir að leggja hugmyndina upp og tryggja ákveðið fjármagn inn í verkefnið. Það er verið að útbúa glæsilega aðstöðu fyrir starfsemi deildarinnar í kjallara Vallaskóla. Þá er verið að vinna í því að kaupa fyrsta flokks vélbúnað fyrir spilarana. Nú er í raun ekkert annað en að byrja að hleypa þessu af stokkunum og koma verkefninu í gang af fullum krafti. Það er rétt að koma því á framfæri að við erum að leita að fólki sem tilbúið er að taka þátt í mótun verkefnisins og taka í taumana. Hér þarf fólk í stjórn og fleira og við hvetjum áhugasama til að vera í sambandi við okkur með þetta t.d. á umfs@umfs.is," segja Gunnar og Gissur.

Viltu verða þjálfari?

Meðal þess sem við ætlum að bjóða upp á er að foreldrar, verðandi þjálfarar og aðrir áhugasamir fari í svokallaðan Rafíþróttaskóla sem Rafíþróttasamband Íslands stendur fyrir. Starfið hér á að grundvallast á því sem best gerist í rafíþróttunum um þessar mundir. Ætlunin er að vera með markvissar æfingar, menntaða þjálfara og góða aðstöðu eins og fram kom. Þá er mikilvægt að þjálfarar og aðrir hafi góða grunnþekkingu á málinu. Til að ná markmiðum okkar ætlum við að bjóða þeim sem hafa áhuga á að taka þátt í starfinu eða þjálfa að fara í Rafíþróttaskólann og ná sér í grundvallarmenntun í faginu.

Tækifæri til að bæta umhverfi spilara

Mikil umræða hefur farið fram í samfélaginu um tölvuleikjanotkun og þau áhrif sem hún hefur á börn og ungmenni. Aðspurðir segja Gunnar og Gissur að með því að draga spilara úr herbergjum sínum og einveru í markvissa þjálfun þar sem jafn mikil áhersla er lögð á heilbrigði spilara og jákvætt félagslegt umhverfi þeirra, sé verið að lyfta ákveðnu grettistaki í mörgum tilfellum. „Þeir sem ná langt í tölvuleikjum eru ekki með orkudrykki í annarri og pizzusneið í hinni. Þetta eru afreksíþróttamenn sem hugsa vel um heilsuna á öllum sviðum. Bæði hreyfingu og andlega hlið."*-gpp*

Kvenfélag Biskupstungna býður kvenfélagskonum á Suðurlandi heim

Þann 1. febrúar nk. verður Kvenfélagasamband Íslands 90 ára. Af því tilefni býður Kvenfélag Biskupstungna öllum Kvenfélagskonum á Suðurlandi og vinkonum þeirra á skemmtikvöldið „Gyllum tilveruna" í Aratungu kl. 20:00.

Miðaverði er stillt í hóf en skemmtunin er einnig fjáröflun þar sem allur ágóði rennur í verkefnið „Gjöf til allra kvenna á Íslandi", sem er landssöfnun til kaupa á tækjabúnaði sem nýtist við skoðun á kvenlíffærum í tengslum við meðgöngu, fæðingu og kvenheilbrigði.

Skemmtunin hefst með fordrykk kl. 20. Svo verður borinn fram léttur kvöldverður. Unnur Malín skemmtir okkur með upplífgandi og ljúfum tón-um, tískusýning frá Lindinni, happdrætti með stórglæsilegum og rándýrum vinningum, dans og fjör. Veislustjóri verður okkar stórskemmtilega leikkona, Íris Blandon!

Tilvalin skemmtun fyrir vinkonur, systur, mæðgur, frænkur, saumaklúbba og konur á öllum aldri. Það er alltaf gaman, þegar konur koma saman. Allar konur velkomnar meðan húsrúm leyfir.

Skráningar þurfa að berast á kvenfelagbiskupstungna@gmail.com eða í gegnum Facebook-viðburðinn „Gyllum tilveruna, skemmtikvöld Kvenfélags Biskupstungna".

Konur eru hvattar til að mæta í gylltum fatnaði, með gyllta hatta eða fylgihluti og gylla tilveruna!

Guðrún Eva Mínervudóttir hlaut viðurkenningu fyrir ævistarf sitt

Guðrún Eva Mínervudóttir hlaut nýverið viðurkenningu Rithöfundasjóðs Ríkisútvarpsins 2020. Sjóðurinn er elsti sjóður Íslendinga sem veitir rithöfundaverðlaun og veitir árlega viðurkenningu til rithöfunda fyrir ævistarf sitt, fremur en fyrir einstök rit. Þetta eru því mikil heiðursverðlaun sem Guðrúnu Evu hefur verið veitt. Guðrún hefur verið búsett í Hveragerði um árabil og er afkastamikill rithöfundur en hún hefur gefið út 13 bækur frá árinu 1998. Áður hefur Guðrún Eva hlotið Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2012 í flokki fagurbókmennta fyrir skáldsöguna Allt með kossi vekur. Blaðamaður sló á þráðinn til Guðrúnar og spurði hvaða þýðingu verðlaunin hefðu fyrir hana sem rithöfund. „Eins og vonandi flestir þekkja sem hafa lagt hart að sér þá fylgir því sérstakur feginleiki og mjúkt þakklæti þegar kemur í ljós að fólk fylgist með og kann að meta verk manns. Þegar ég tók á móti rithöfundaviðurkenningu RÚV langaði mig mest af öllu að deila henni með ykkur öllum hinum. Því allir eru alltaf að gera sitt besta. Og flestir vinna mikilvæg störf alla daga en hljóta enga opinbera viðurkenningu fyrir," sagði Guðrún. Aðspurð um hvað væri í deiglunni hjá henni sagði Guðrún: „Núna er ég að kenna ritlist í Listaháskóla Íslands og lesa yfir handrit fyrir aðra höfunda, en það er eitthvað sem ég tek stundum að mér. Svo er ég auðvitað alltaf að skrifa en veit ekki ennþá hvert verður næsta verk sem ég einhendi mér í."

-gpp

Kiwanisklúbburinn Jörfi kom færandi hendi í Kotið

Þann 24. janúar sl. kom Kiwanisklúbburinn Jörfi færandi hendi í frístundaklúbbinn Kotið á Selfossi. Frístundaklúbburinn Kotið er ætlaður fyrir grunnskólanemendur í 5. -10. bekk sem eru með fatlanir. Meginmarkmið klúbbsins er að efla og styrkja félagsleg tengsl ásamt því að stuðla að alhliða þroska og heilbrigði. Meðferðis höfðu félagar Jörfa fimm nýjar Ipad spjaldtölvur og sérstakar hlífðartöskur undir búnaðinn. Búnaðurinn er að verðmæti 300 þúsund kr. „Við höfum yfirleitt unnið fyrir börn, börnin fyrst og fremst, eins og kjörorðið er og þetta er hluti af því að færa frístundaklúbbnum þessa gjöf. Gjöfin núna eru fimm spjaldtölvur með hulstri. Við fengum ábendingu um að þetta vantaði hér og okkur fanst tilhlýðilegt að færa frístundaklúbbnum þessa gjöf," segir Guðmundur Helgi Guðjónsson, forseti Kiwanisklúbbsins Jörfa. Í Kiwanisklúbbnum Jörfa eru 31 meðlimur en klúbburinn var stofnaður árið 1975 og hefur veitt marga styrki á hverju ári, meðal annars hefur sérdeild Sunnulækjarskóla fengið styrki. Framundan er að veita frekari styrki til samfélagsins þar sem það kemur börnum vel. „Þetta er náttúrulega bara frábært framtak og við erum afar þakklát fyrir þessar spjaldtölvur. Hér eru börn sem geta nýtt sér tækin en svona spjaldtölvur hafa upp á mikið að bjóða m.a. aðstoð við tjáskipti og samskipti ásamt ýmsu fleira. Ég tala nú ekki um þegar koma fimm stykki hingað inn í einu í starfið hjá okkur", segir Eiríkur Sigmarsson, forstöðumaður Kotsins. *-gpp*

Sunnlenski matgæðingurinn

Ég vil byrja á því að þakka vinkonu minni Hrafnhildi Hauksdóttur fyrir að skora á mig að koma með uppskrift fyrir þessa viku. Ég er nú ekki beint þekkt fyrir mikla eldamennsku en þetta er nú aðeins að koma hjá mér. Ég er mikið að vinna með einfalt og gott í minni eldamennsku og ætla því að bomba í geggjaðan og **einfaldan kjúklingarétt.**

Erna Guðjónsdóttir

Hráefni:
4 kjúklingabringur
1 krukka rautt pestó
1 bolli saxaðar döðlur
dass af fetaosti

Aðferð:
Setur kjúklingabringurnar í eldfast mót, bombar pestóinu á bringurnar, dreifir döðlunum og fetaostinum yfir bringurnar og bombar þessu í ofninn.

Ég vil svo skora á prjónameistarann hana Karitas Tómasdóttur a.k.a. The Beast að koma með eitthvað rosa gott því hún telur sig frábæra í eldhúsinu. Takk fyrir mig og áfram Selfoss!

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Frístundastyrkur vel nýttur í Sveitarfélaginu Árborg

Á fundi frístunda- og menningarnefndar kom fram að nýting á frístundastyrk Árborgar árið 2019 hafi verið um 82%. Alls voru greiddar út 43,5 milljónir. Frístundastyrkurinn er veittur foreldrum/forráðamönnum barna á aldrinum 5 – 17 ára sem hafa lögheimili í sveitarfélaginu. Heimilt er að ráðstafa frístundastyrknum hjá þeim félögum og fyrirtækjum sem bjóða upp á frístundir og námskeið fyrir börn á þessum aldri. Meginskilyrði fyrir því að námskeið sé styrkhæft er að það sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna og fari fram undir stjórn fagaðila.

„Þessir styrkir eru mikilvægir til að auðvelda öllum börnum og ungmennum að sækja þá íþrótt eða frístund sem þau kjósa sér. Mikið úrval íþrótta og frístunda er í boði í Árborg en sveitarfélagið styrkir líka námskeið hjá félögum utan sveitarfélagsins. Við höfum jafnt og þétt verið að styrkja þetta kerfi með ýmsum aðferðum. Til að mynda er í boði svokallaður frístundaakstur en honum er ætlað að auðvelda börnum að komast í frístundir sínar og minnka skutlálag á foreldrum. Þá er styrkfjárhæðin fyrir árið í ár 35 þúsund krónur á hvert barn. Það er von okkar að þetta styðji við ungmennin okkar og færi okkur í átt að því að vera öflugt heilsueflandi samfélag en við gerðumst aðilar að því verkefni í fyrra, segir Bragi Bjarnason, deildrastjóri frístunda- og menningardeildar hjá Árborg. *-gpp*

Kennsl borin á höfuðkúpu með DNA- rannsókn

Fyrir rúmum 25 árum fannst hluti af höfuðkúpu manns á sandeyrum Ölfusáróss. Á kúpuna vantaði neðri kjálka og einungis ein tönn var eftir í efri gómi. Kennslanefnd ríkislögreglustjóra gerði rannsókn á höfuðkúpunni eins og unnt var miðað við þess tíma tækni. Ekki tókst að bera kennsl á það af hverjum höfuðkúpan var og hún sett í geymslu.

Í lok mars á síðasta ári var ákveðið að reyna á ný að bera kennsl á höfuðkúpuna. Tekið var sýni úr kúpunni til aldursgreiningar. Niðurstöður af því bárust í haust og ljóst að beinin voru að líkindum frá árunum um og eftir 1970. Þá var þess freistað að ná nothæfu DNA sýni úr kúpunni og það sent til Svíþjóðar til frekari greiningar. Niðurstaðan barst í janúar og þá kom í ljós að um var að ræða höfuðkúpu Jóns Ólafssonar sem fæddur var 8. júlí 1940. Jón var talinn hafa fallið í Sogið á aðfangadag 1987. Börnum Jóns hefur verið kynnt niðurstaða málsins og þau fá jarðneskar leifar föður síns afhentar á allra næstu dögum.

Lögreglan safnar sýnum úr aðstandendum

Fram kemur í pistli Lögreglunnar á Suðurlandi að embættið hafi undanfarið ár tekið DNA sýni úr aðstandendum þeirra sem taldir eru hafa horfið í umdæminu á liðnum árum og ekki fundist. Enn á eftir að fá sýni úr nokkrum einstaklingum að sögn lögreglunnar. Því verkefni verður haldið áfram en fram kemur að þeim lögreglumönnum sem sinna þeirri vinnu hafi verið afar vel tekið af þeim sem leitað hefur verið til. Sýnin eru geymd í gagnabanka þar sem unnt verður að bera þau saman við DNA snið þeirra sem finnast hvort sem það er í okkar tíð eða komandi kynslóða. *-gpp*

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnarp@prentmet.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Þú leggur mig stundum á leiðina þína.
Löngum ná krókarnir taki á mér.
Aftan á bátunum í mig sést skína.
Við ístruna stundum ég færanleg er.

Svar við gátu í blaði 2532: FIT.
1. lína: Sundfit - 2. lína: Grasfit
3. og 4. lína: Fit á sokk

JÖTUNN

JANÚAR

ÚTSALA!

ALLT AÐ

60%

AFSLÁTTUR!

Selfoss // Akureyri // Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

Hagkvæmar lausnir
fyrir þitt fyrirtæki

- Reglulegar ræstingar
- Alhliða hreingerningar
- Bónleysing, bónun og viðhald gólfa
- Teppahreinsun
- Sérhæfð þrif á steinteppum
- Vélskúrun
- Önnur sérverk

Hafið samband við Kristrúnu S: 693 4934

kristrun@dagar.is

Léttum þér lífið
dagar

Ljósraddir í jarðarmyrkri

Þegar kemur að því að sækja listviðburði erum við óskaplega skilyrt. Við kunnum að sitja tónleika, klæða okkur upp og klappa á réttum stöðum. Svona utanbókar lærð viðbrögð geta haft áhrif á upplifunina því við erum föst í kerfi og hegðunarreglum, sem koma í veg fyrir að við hugsum út fyrir rammann.

Hljómsveitin Korríró hélt í liðinni viku viðburð, sem þær nefna Tóna úr tóminu, þar sem ótal upplifunarveggir voru brotnir og klóað nokkuð nærri kjarnanum. Fyrst má nefna að fólk er kannski ekki vant að klæða sig í síðhald og lambhúshettur til að sækja tónleika að vetri til. Því síður er það vani að berjast móti skafbyl yfir skafla og hjarn, til að klifra niður í hálfmyrkvaðan helli. En þetta gerðum við samt.

Tónleikarnir fóru fram í Hlöðuhelli á Ægissíðu, þar er kalt og lykt af sandsteini og kjöraðstæður til þess að skapa kolniðamyrkur. Gestir komu sér fyrir, vafðir inn í teppi og í sínum bestu fötum, varðir fyrir storminum á kafi í jörðinni.

Korríró er skipuð systrunum Glódísi Margréti Guðmundsdóttur og Bjarnveigu Björku og Bergrúnu Önnu Birkisdætrum. Þær kynntu af nærgætni form tónleikanna, en myrkratónleikar fara þannig fram að öll ljós eru slökkt, ekki er klappað milli laga heldur situr fólk í svartamyrkri og hlustar. Það er nauðsynlegt að gefa sig aðstæðunum fullkomlega á vald, án meðvitundar um nokkuð annað en sjálfan sig og eigin upplifun.

Oft er sagt að þegar lokað sé á eitt skilningarvit skerpist annað.

Einhver gæti kannski haldið að hér væri um nokkuð framúrstefnulegan gjörning að ræða, en í reynd var andrúmsloftið litað trausti. Eftir að ljósin slokknuðu leiddu systurnar hlustendur varfærnislega inn í heiminn með píanói og ljúfum söng. Sem fyrr segir er ekki hlé á milli laga svo þau renna saman í heildstæða hlustun. Í lagi númer tvö féll síðan ljósfoss, þriggja systra raddir af fullum krafti fylltu myrkrið af tónum og litum sem sáldruðust yfir áheyrendur í myrkrinu.

Efnið var allt frá fumsömdum lögum við nýsamin ljóð, til sálma og dægurlaga. Mestmegnis voru þetta kunnugleg lög úr lífi fólks, sem vöktu þannig kennsl tilfinninga og minninga sem búa innra með okkur og við heimsækjum kannski ekki nógu oft. Þar ræður oft einfaldleikinn mestu og hvað er einfaldara en tónar í myrkri? Oft er sagt að þegar lokað sé á eitt skilningarvit skerpist annað og það reyndist svo sannarlega raunin þetta kvöld. Bjartar raddirnar buðu upp á átök og angurværð en jafnframt grín og gleði. Engin textaklúður eða feilnótur á píanóið, þrátt fyrir augun. Það er þetta sem heitir að hafa tónlist í blóðinu.

Sannarlega njótum við mikils menningarframboðs, en því fylgir oftar en ekki áreiti og skilyrðing í allri umgjörð. Tónar í tóminu eru í þessu samhengi óskaplega kærkomin friðarstund, full af trausti, fegurð og gleði. Þar gefst færi á að skilja allt eftir fyrir utan og eiga stund með sjálfum sér, án þess að velta fyrir sér hnakkanum á manninum fyrir framan eða hvort einhver sjái þig gráta. Ef þær gera þetta aftur, ekki missa af því. -hrk

Fréttir af starfi FEB á Selfossi og dagskrá fram á vorið 2020

Nóg er um að vera í Grænumörk 5 félagsmiðstöðinni okkar og vonandi finna sem flestir eitthvað við sitt hæfi. Fjölbreytt dagskrá í Opnu húsi á fimmtudögum. Námskeiðin sem voru í haust halda áfram og ný bætast við. Það er alltaf hægt að bæta við sig þekkingu.

Þann 17 jan. hófst námskeið í perlusaumi sem er nýtt hjá okkur. Björg Sörensen kemur aftur með námskeið í postulínsmálun en margir þekkja hana og hennar verk frá fyrri tíð. Enskunámskeið hjá Fræðslunetinu Símennt á Suðurlandi hefst 20. janúar. Enn er leitað að kennara til að kenna okkur spænsku. Kennsla á Ipad (tölvu) og snjallsíma hefst fljótlega en þá munu nemendur í FSU heimsækja þá sem óskuðu þess. Önnur námskeið halda áfram svo framarlega sem næg þátttaka fæst. Leirlistin byrjar svo í febrúar. Margir mæta í qigong og stólajóga og var verð lækkað í kr. 3000 vegna góðrar aðsóknar. Línudans og stólaleikfimi er í boði þeirra Gullu og Jóns og Maríu. Sumbadans heldur áfram ef næg þátttaka fæst. Námskeið í Endurminninga- og skapandi skrifum verður haldið ef næg þátttaka fæst, það verður helgarnámskeið, 12 klst. Silfursmíði hefst væntanlega fljótlega, verður haldið í Hveragerði. Boccía og ringó er á sínum stað og tilvalið að mæta og nota íþróttahúsin til að taka smá göngutúr meðan hálkan er úti. Golfæfingar (pútt) hefjast þriðjudaginn 21 jan.. kl. 10:00 í nýrri og glæsilegri aðstöðu Golfklúbbs Selfoss.
Handverkssýningin verður á sínum stað og opnar sumardaginn fyrsta eins og verður með sama sniði og áður, vöfflur og kaffi og óvæntar uppákomur alla dagana.
Landssamband eldri borgara mun halda aðalfund hjá okkur þann 28.apríl
Hörpukórinn: Fimm kóra mót 9. maí verður haldið á Selfossi.

Barnabókahátíð Bókabæjanna í Brimróti

Hin árvissa Barnabókahátíð Bókabæjanna fer fram laugardaginn 8. febrúar kl. 11 á kaffihúsinu Brimróti á Stokkseyri.

Hátíðin er að þessu sinni haldin í samstarfi við AM forlag, sem staðið hefur fyrir vinsælum bóktengdum viðburðum fyrir börn á öllum aldri. Forlagið reka hjónin Sverrir Norland og Cerise Fontaine.

Dagskráin er ætluð börnum á aldrinum 3-103 ára og fullorðnum fylginautum þeirra.

- Við lesum saman *Ræningjana þrjá* eftir Tomi Ungerer.
- Við föndrum saman klippimyndir úr pappír, innblásnar af teikningum bókarinnar.
- Við fáum okkur súpu og brauð í hádegismat.
- Við borðum saman gómsæta ræningjaköku.

Ekkert kostar inn á viðburðinn og fæða og föndurdót er í boði Bókabæjanna og AM forlags. Nauðsynlegt er að panta sæti á viðburðinn svo hægt sé að gera sér grein fyrir fjölda.

Athugasemd um frátekin sæti („spots"): Sætin miðast við börnin sem taka þátt í viðburðinum. Endilega takið frá sæti fyrir þau. Engin þörf er hins vegar á að taka frá sæti fyrir fullorðna fylginauta þeirra.

Myndir: Reykjavik roasters.

Athugasemd um kökuna og súpuna: Ef þig langar að taka þátt í viðburðinum með okkur og barnið þitt er með einhvers konar fæðuofnæmi, láttu okkur bara vita fyrirfram og við gerum okkar besta til að finna lausn sem virkar.

Nánari upplýsingar má fá hjá Sverri í síma 898-5986 eða með tölvupósti á amforlag@gmail.com.

Það skiptir máli að sinna félagslífinu þegar maður eldist

Starfsemi í Félagi eldri borgara á Selfossi er sannarlega blómleg. Í samtali við Guðfinnu Ólafsdóttur og Önnu Þóru Einarsdóttur, formann og varaformann félagsins kemur fram að markmiðið sé að hafa starfið fjölbreytt og þannig fram sett að fólk geti vel fundið eitthvað við sitt hæfi. „Innan vébanda félagsins eru um 700 einstaklingar. Fólk er á mismunandi aldri og með ýmis áhugamál. Þá er auðvitað stór hluti af starfseminni sá að fara út og hittast. Það skiptir svo miklu máli að sinna félagslífinu fyrir sálina," segja þær brosandi. Blaðamaður horfir dolfallinn á dagskrá vetrarins en það væri til að æra óstöðugan að telja allt framboðið upp.

Opnu húsin eru vinsæl

„Eitt af því vinsælla sem við erum með eru opnu húsin hjá okkur. Í síðustu viku var t.d. bóndinn og ljóðskáldið Harpa Rún Kristjánsdóttir, sem las fyrir okkur upp úr nýrri ljóðabók sinni. Guðrún Eva verður til dæmis næst hjá okkur og þá kemur Hjörtur Þórarinsson og segir frá Fjalla-Eyvindi." Það er óhætt að segja að dagskráin sé fjölbreytt og áhugaverð. Þegar talið berst að föstum námskeiðum félagsins segja þær nauðsynlegt að hafa þau sem fjölbreyttust. Það sé liður í því að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Það er svo rétt að minna á það að framvegis verða opnu húsin kynnt í smáauglýsingadálkinum í hverri viku, þannig ætti enginn að missa af.

Stundaskráin ætti að vera uppi á ísskápnum

Stundaskráin er lykillinn að því að finna sér eitthvað við sitt hæfi, hvað sem það kann að vera. „Það er allt milli himins og jarðar. Frá handverki yfir í bridds, frá stólaleikfimi yfir í boccia og göngur. Þá eru ótaldar þær gæðastundir sem finna má í Hörpukórnum, en afmælisár kórsins er einmitt í ár, en hann verður þrítugur. Félagið sjálft verður svo fertugt á árinu og það verður eitthvað húllum hæ í kringum það á árinu." Við látum þetta verða lokaorðin í góðu spjalli okkar og hvetjum eldri borgara til að nýta sér það frábæra starf sem félagið hefur upp á að bjóða. -gpp

Markaðsstofur landshlutanna stóðu fyrir Mannamótum 2020, 16. janúar sl. og var þetta í sjöunda skipti sem viðburðurinn var haldinn. Þetta er annað árið í röð sem Mannamót eru haldin í Kórnum í Kópavogi. Mjög góð þátttaka var í ár og um 270 ferðaþjónustufyrirtæki kynntu þjónustu sína og þar af um 80 af Suðurlandi.

Umsjónarmaður orlofsbyggðar VR á Suðurlandi

VR leitar að umsjónarmanni í 100% starf fyrir orlofsbyggð félagsins í Miðhúsaskógi. Orlofshúsin eru 26 talsins en auk þeirra er tjaldsvæði rekið á svæðinu fyrir félagsmenn að sumri. Í byggingu er aðstöðuhús fyrir umsjónarmann svæðisins.

Hæfniskröfur
- Iðnmenntun kostur en ekki skilyrði
- Búseta á svæðinu er hentug
- Verkþekking og reynsla af sambærilegum verkefnum
- Þjónustulund, færni í samskiptum og jákvæðni

Helstu verkefni umsjónarmanns
- Þjónusta og samskipti við leigutaka
- Almennt viðhald og eftirlit með orlofshúsunum og umhverfi þeirra
- Umsjón og eftirlit með lóðahirðingu, heimreið, vatnsbóli, göngustígum og girðingum
- Samskipti við verktaka

Nánari upplýsingar um starfið veitir Emil Gústafsson (**emil@vr.is**). Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist til VR, Kringlan 7, 103 Reykjavík eða á netfangið **starfsumsokn@vr.is**. Umsóknarfrestur er til og með 6. febrúar 2020.

VR • Kringlunni 7 • 103 Reykjavík • Sími: 510 1700 • vr@vr.is • vr.is

VR

DFS.is FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ertu að leita að vinnu á Suðurlandi?

Ný störf auglýst í hverri viku!

Líttu við inn á atvinnuvefinn okkar: dfs.is/atvinna



Stundaskrá Félags eldri borgara Selfossi 2020

	Mánudagar	Þriðjudagar	Miðvikudagar	Fimmtudagar	Föstudagar
Kl.09:00	Glerlist (VM)	Glerlist(ES)	Leirlist (frá 26/2.)	Glerlist (ES)	
kl.09:30	Fornsögur	Postulínsmálun		Postulínsmálun	
Kl.10:00	Gönguhópur ÞG*	Stólaleikfimi	Öndvegisbókmenntir	Stólaleikfimi	Ringo í Vallaskóla
Kl.10:00		Golf / pútt hjá GOS			Ganga í Vallaskóla
Kl.10:15				Gönguhópur Ágústu	
Kl.10:30	Krossgátukaffi				
Kl.11:10	Qigong		Stólajóga		
Kl.11:20			Boccia og ganga í Iðu	Boccia og ganga í Iðu	
Kl.12:00	Bridge	Bridge	Bridge	Bridge	Bridge
Kl.13:00	Hannyrðir (GG)	Postulínsmálun	Myndlist	Glerlist (ES)	Perlusaumur
Kl.13:00	Postulínsmálun	Tálgað í tré		Hannyrðir (VM)	
Kl.13:00		Félagsvist		Frjáls spil	
Kl.13:00		Glerlist (ES)			
Kl.13:30	Útskurður,Vallholti 7			Opið hús m.dagskrá	
Kl.14:45				frá kl. 14:45	
Kl.15:30	Enska í Fjölheimum 20/1.			Kaffi + meðlæti	
Kl.16:00		Sumba ?	Hörpukórinn	kr.1000.-	
Kl.16:30	Útskurður,Vallholti 7	Útskurður,Vallholti 7		Molakaffi kr. 200.-	
Kl.17:30				Línudans f. byrjendur	
Kl.18:00				Línudans fyrir vana	

* Rúta frá GT fylgir

Öll námskeiðin eru í Grænumörk 5 nema annað sé tekið fram

Athugið:
Bóka þarf tíma í snóker
Fjöldi námskeiða fer eftir þátttöku: SUMBA?
Þessi stundatafla er birt með fyrirvara um breytingar

FÉLAG ELDRI BORGARA FEB SELFOSSI

RISAPRENTUN

prentmet ODDI heildarlausnir í prentun

SÍMI 482 1944
SELFOSS@PRENTMET.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOSS

A0 • A1 • A2 • VINNUTEIKNINGAR
PLAKÖT • LJÓSMYNDIR
RÚLLUSTANDAR

UMF SELFOSS 1936

Aðalfundur frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss verður haldinn í Tíbrá fimmtudaginn 6. febrúar og hefst kl. 20:00.

Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Stjórn frjálsíþróttadeildar Selfoss

Ökuland ehf.

Endurmenntunarnámskeið atvinnubílstjóra verða í næstu viku á Selfossi ef næg þátttaka næst. Mikilvægt er að skrá þátttöku hjá gudni@okuland.is.

Meiraprófsnámskeið hefst á Selfossi miðvikudaginn 5. febrúar.

Nánar inni á okuland.is.

STARFSKRAFTUR ÓSKAST Í VAKTAVINNU

Óska eftir starfsfólki í símsvörun, afgreiðslu og létt þrif í Landeyjahöfn og Þorlákshöfn. Þarf að geta unnið á báðum stöðum. Afleysingastarf, sumarstarf og framtíðarstarf.

Hæfniskröfur:
- Góð tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta og ekki verra að hafa fleiri erlend tungumál
- Ríka þjónustulund
- Vera eldri en 22 ára
- Hentar körlum jafnt sem konum

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á annaa@simnet.is.

Hurðarbak í Flóahreppi afurðarhæst á landinu

Afurðahæsta kúabúið á landinu 2019 er Hurðarbaksbúið ehf. Þar eru Reynir Þór Jónsson og Fanney Ólafsdóttir sem ráða ríkjum. Hver kýr mjólkaði þar að meðaltali 8.678 kg yfir árið. Reynir og Fanney eru með 54,1 árskú sem skiluðu þeim í efsta sæti yfir meðalafurður eftir hverja kú. Það er vel að verki staðið.

Mynd: Bændablaðið.

Tvö bú á Suðurlandi komust á lista að auki

Á topp tíu lista yfir afurðahæstu búin má finna Kirkjulæk 2 í Fljótshlíð í Rangárþingi eystra í sjöunda sæti. Búið hefur í fjölda ára verið meðal nythæstu búa landsins að meðaltali á hverja kú. Á því var engin undantekning nú. Þannig voru þau Eggert Pálsson, Jóna Kristín Guðmundsdóttir ásamt Páli Eggertssyni og Kristínu Jóhannsdóttur með 59,2 árskýr með 8.270 kg að meðaltali. Rétt er að benda á að Mókolla á Kirkjulæk 2 í Fljótshlíð á enn metið í æviafurðum íslenskra mjólkurkúa, eða 114.635 kg. Það hefur staðið frá því hún var felld sumarið 2013, þá rétt rúmlega 17 ára gömul.

Í níunda sæti varð Miðdalskot í Laugardal í Bláskógabyggð. Þar eru þau Hermann Geir Karlsson og Sigrún Björg Kristinsdóttir með 43,3 árskýr. Þær skiluðu að meðaltali 8.208 kg á síðasta ári. Greinin er byggð á frétt bbl.is. *-gpp*

Japönsk ljósmyndasýning opnar í Listasafni Árnesinga

Inga Jónsdóttir kveður sem safnstjóri við opnun sýningarinnar

LISTASAFN ÁRNESINGA

Listasafn Árnesinga opnar dyrnar á nýju ári með ljósmyndasýningu. Þar má sjá verk eftir níu japanska ljósmyndara og ljósmyndahóp, sem allir eru virtir og vel kynntir í sínu heimalandi sem utanlands. Sýningin er unnin að frumkvæði Japan Foundation sem fól einum fremsta ljósmyndagagnrýnanda landsins, Kotaro Iizawa, sýningarstjórnina. Viðfangsefnið var að endurspegla lífið og menninguna í TOHOKU í fortíð, nútíð og jafnvel framtíð, með augum ljósmyndunar, sem mótvægi við þær ljósmyndir sem fóru um heim allan í kjölfar hörmunganna vegna stóra jarðskjálftans 2011. Tohoku er svæðið á norðaustur hluta eyjarinnar Honsu sem er stærsta eyja Japans. Svæðið er búið einstökum og ríkulegum náttúruauðlindum þannig að landbúnaður, fiskveiðar og skógarhögg blómstrar þar, en þrátt fyrir náttúrugæði sín markast saga Tohoku einnig af erfiðri lífsbaráttu.

Ljósmyndararnir eru allir fæddir í Tohoku á árunum 1917 – 1974 og endurspegla því mismunandi tíma, stíla og sjónarhorn. Sýningin hefur verið á ferð um heiminn frá árinu 2012 og ánægjulegt að fá tækifæri til þess að kynna hana hér á landi því þó margt sé ólíkt milli þessara tveggja þjóða, Japan og Íslands, þá er ýmislegt sem sameinar eylöndin tvö, svo sem jarðskjálftar, eldfjöll, heitir hverir og fiskveiðar.

Sýningin er sett upp í Listasafni Árnesinga í samvinnu við sendiráð Japans á Íslandi og sendiherrann herra Yasuhiko Kitagawa mun opna sýninguna. Á sýningartímanum verður einnig fengist við japanska menningu svo sem origami og kalligrafíu í fjölskyldusmiðjum safnsins.

Við opnun sýningarinnar mun Inga Jónsdóttir kveðja sem safnstjóri og kynna Kristínu Scheving sem tekur við frá og með 1. febrúar. Það væri því gaman að sjá sem flesta við þessi tímamót og eiga saman stund í safninu. Aðgangur er ókeypis og sýningin mun standa til 22. mars. Einnig stendur sýningin Tilvist og Thoreau með verkum eftir Hildi Hákonardóttur, Elínu Gunnlaugsdóttur og Evu Bjarnadóttur áfram frá fyrra ári.

Kvenfélagasambands Íslands 90 ára. 1. febrúar dagur kvenfélagskonunnar

Kvenfélagasamband Íslands (KÍ) var stofnað 1. febrúar 1930, og er samstarfsvettvangur og málsvari kvenfélaganna í landinu. KÍ er fjölmennasta kvennahreyfingin á Íslandi sem starfar á landsvísu, með 17 héraðssambönd, 154 kvenfélög sem telja um 5000 félaga. Núverandi forseti KÍ er Guðrún Þórðardóttir, félagskona í Kvenfélagi Grímsneshrepps. KÍ rekur þjónustuskrifstofu í Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum við Túngötu í Reykjavík. Þar veitir Jenný Jóakimsdóttir starfsmaður skrifstofunnar m.a. upplýsingar, ráðgjöf, stuðning og fræðslu bæði til kvenfélaga og héraðssambanda.

KÍ og kvenfélögin gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki um land allt. Kvenfélögin sinna líknar-, mannúðar- og menningarstarfi, fræðslu- og námskeiðahaldi og safna fé m.a. til tækjakaupa fyrir sjúkrahús, heilsustofnanir og skóla. Auk þess sem þau vinna saman að landsverkefnum.

Samband sunnlenskra kvenna (SSK) er eitt þessara héraðssambanda með 25 kvenfélög í Árnes- og Rangárvallasýslu og rúmlega 900 félagskonur innan sinna vébanda. Þessi kvenfélög eru misstór en í þeim öllum fer fram öflugt starf og ómetanleg sjálfboðin vinna, sem leitt hefur af sér ýmsar gjafir til samfélaga þeirra sem og til HSU.

Störf allra kvenfélaga á Íslandi eru mjög mikilvæg og það er ekki síður mikilvægt fyrir kvenfélögin og meðlimi þeirra, að tilheyra sterkri heild sem aðild að Kvenfélagasambandi Íslands veitir þeim. Leiðbeiningastöð heimilanna er starfrækt innan KÍ. Meðal verkefna KÍ er að veita Alþingi umsagnir um mál sem tengjast fjölskyldum, heimilum, jafnrétti o.fl. Fulltrúar KÍ eiga sæti í ráðum og nefndum á vegum opinberra aðila og félagasamtaka og eru í virku samstarfi við ýmis félagasamtök til að ná fram markmiðum sínum. Stjórn KÍ heldur fundi tvisvar á ári með öllum héraðsformönnum en þeir starfa í formannaráði á milli Landsþinga, sem haldin eru á þriggja ára fresti. Reglulega berast inn á borð skrifstofu KÍ beiðnir frá ýmsum aðilum um samstarf og samvinnu við kvenfélögin sem stjórn og formannaráð tekur afstöðu til. KÍ er einnig aðili að norrænu-, evrópsku- og alþjóðlegu samstarfi kvenfélaga. Jafnframt rekur KÍ heimasíðurnar kvenfelag.is og leidbeiningastod.is og hefur gefið út tímaritið Húsfreyjuna samfellt í 70 ár.

Á árinu 2018 gáfu kvenfélögin ínnan KÍ um 65 milljónir til samfélagsins samkvæmt skýrslum

Árið 2017 kom út BA ritgerð Rebekku Helgu Pálsdóttur sem heitir „Kvenfélögin og samfélagið, gjafir kvenfélaga til samfélagsins á árunum 2006 – 2016“. Samkvæmt samantekt hennar voru gjafir kvenfélaganna 567 milljónir króna á þessu 10 ára tímabili. Fjárhæðin er mun hærri því einungis 57% kvenfélaga eru þarna til grundvallar, því í skýrslur þeirra vantaði tölur um gjafir og einnig vantaði skýrslur. Þannig má leiða líkum að því, að ef þessi fjárhæð væri framreiknuð og tekið inn hlutfall þeirra skýrslna sem vantaði, þá væru þetta um 1000 milljónir sem kvenfélögin í landinu lögðu til samfélagsins á þessu tíu ára tímabili.

Í tilefni 90 ára afmælis KÍ munu kvenfélög um land allt standa fyrir söfnun

Á tímamótum og gegnum söguna hafa kvenfélagskonur margoft sýnt samtakamátt sinn um land allt og nú er komið að einu slíku átaki. Skipuð var afmælisnefnd sem ákvað að vera stórhuga og stefna hátt á afmælisári undir heitinu „Gjöf til allra kvenna á Íslandi“. Kvenfélagskonur um land allt ætla að safna fyrir tækjum og hugbúnaði honum tengdum, sem kemur til með að gagnast öllum konum um landið allt. Um er að ræða mónitora og ómtæki, nýja eða uppfærða eftir því sem við á, og rafrænar tengingar á milli landsbyggðar og Kvennadeildar LSH. Tækin munu nýtast öllum konum á Íslandi, hvort sem er á meðgöngu, við fæðingu eða skoðana vegna kvensjúkdóma.

Tækin sem safnað verður fyrir geta aukið öryggi í greiningum og í mörgum tilfellum komið í veg fyrir að senda þurfi konur á milli landshluta vegna ýmissa óvissuþátta. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur tileinkað árið 2020 hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum og það er okkur því sérstakt gleðiefni að safna fyrir tækjum sem nýtast þessum starfsstéttum.

Konur í kvenfélögum innan Kvenfélagasambands Íslands hafa frá stofnun þess verið bakhjarlar Landspítalans. Þær hafa staðið fyrir söfnunum á peningum og tækjum sem hafa komið sér vel fyrir fjölmarga þegna landsins bæði þar sem og á öðrum heilbrigðisstofnunum landsins.

Verkefnið núna er stórt og mikið lagt undir, enda er verkefnið bæði ærið og brýnt, og fellur vel að hugsjónum okkar kvenfélagskvenna. Á meðan á söfnuninni stendur munu kvenfélagskonur um land allt bjóða súkkulaði og áletruð armbönd til sölu. Auk þess er tekið beint á móti fjárframlögum inn á söfnunarreikning Kvenfélagasambandsins 0513-26-200000 kt. 710169-6759 senda kvittun á netfangið kvenfelag@kvenfelag.is.

Söfnunin hefst formlega á afmælisdaginn 1. febrúar 2020 og hún stendur til 1. febrúar 2021.

Markmið afmælisnefndar er að eftir árið gangi hver einasta kvenfélagskona á Íslandi stolt um með armböndin sín, „Ég er kvenfélagskona“ og „Kærleikur Samvinna - Virðing“, auk þess að vera með OMNOM súkkulaðipakkann „Gyllum tilveruna með mola í munni“ tilbúinn í veskinu. Þá stefnum við líka að því að verða búnar að selja hverri konu í okkar nærhring, alla vega eitt sett af armböndum og eitthvað af súkkulaði. Hverjum karli sem við þekkjum, seljum við armband eða armbönd sem hann gefur þeim konum sem standa honum næst og auðvitað svolítið af súkkulaði líka. Markmiðið er að safna a.m.k. 36 milljónum króna.

Gildi kvenfélagastarfsins – Kærleikur - Samvinna - Virðing svífa ætíð yfir vötnum hvar sem kvenfélagskonur leggja hönd á plóg. Kvenfélagskonur innan Sambands sunnlenskra kvenna óska Kvenfélagasambandi Íslands innilega til hamingju með 90 ára afmælið og stefna ótrauðar að áframhaldandi góðu samstarfi og því að leggja söfnuninni lið.

Elinborg Sigurðardóttir,
formaður SSK

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Loftur Erlingsson
löggiltur fasteignasali
s: 896 9565
loftur@fasteignasalan.is

Lambhagi 19, Selfossi

4 herb. 172,8 fm viðlagasjóðshús með bílskúr. Einfalt að bæta við herbergi. Baðherbergi nýlega endurnýjað, stór og gróinn garður, stór pallur, gróðurhús og ávaxtatré, safn- og ræktunarkassar. Skipt var um allar þakrennur hússins og gler í gluggum á suðurhliðinni nýlega. Rúmgott hús á rólegum stað.

Verð: 45,2 millj. kr.

VERUM Í NÚINU
ÁTTA VIKNA NÚVITUNDARNÁMSKEIÐ
hefst 12. febrúar 2020

Bridget „Bee“ Ýr McEvoy RPN
hefur kennt núvitund
á Heilsustofnun NLFÍ frá 2006

Átta vikna námskeið í núvitund
(Mindfulness based cognitive therapy/stress reduction)

Námskeið í núvitund tengir saman hugræna atferlismeðferð og hugleiðsluæfingar. Núvitund er kerfisbundin þjálfun í að vera í núinu og vera meðvitaður um líkama, hugsanir og tilfinningar, augnablik eftir augnablik.

Kennt er á miðvikudögum kl. 15:30 - 17:30 á Heilsustofnun í Hveragerði.
Verð 69.000 kr.
Skráning í síma 4830300 eða heilsa@heilsustofnun.is

Berum ábyrgð á eigin heilsu www.heilsustofnun.is

íþróttir

Efni sendist á: dagskrain@prentmet.is

Selfyssingar glímdu í Skotlandi

JÚDÓ Selfyssingarnir Breki Bernhardsson, Hrafn Arnarsson og Jakub Oskar Tomczyk kepptu á Opna skoska meistaramótinu sem var haldið 18. janúar sl. til að afla punkta og komast ofar í landsliðinu. Þjálfari í ferðinni var Egill Blöndal en hann keppti ekki að þessu sinni þar sem hann er að jafna sig af meiðslum.

Hrafn átti bestu gengi að fagna af þeim félögum en hann keppti í -90 kg flokki bæði í U21 og í opnum flokki. Í U21 árs flokki hafnaði Hrafn í fimmta sæti af þrettán keppendum en hann sigraði tvær viðureignir af fjórum. Í opnum flokki varð Hrafn í sjöunda sæti af sextán keppendum og vann þar einnig tvær viðureignir og tapaði tveimur.

Breki Bernhardsson keppti í -73 kg flokki karla og endaði í níunda sæti. Sat hann hjá í fyrstu umferð og sigraði í annarri en varð að játa sig sigraðan í næstu tveimur viðureignum.

Jakub keppti upp fyrir sig í -66 kg flokki bæði í U21 árs og opnum flokki en hann er aðeins 16 ára. Því miður tapaði hann öllum sínum viðureignum að þessu sinni.

Það eru næg verkefni hjá þeim um þessar mundir. Þeir kepptu á RIG um helgina og fram undan er m.a. keppni á Opna danska og Norðurlandamótinu sem verður haldið á Íslandi í vor. *-eb*

Selfyssingarnir í Skotlandi f.v. Jakub Oskar, Hrafn, Egill og Breki. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Guðmundur og Þorsteinn Aron léku með U17 í Hvíta-Rússlandi

KNATTSPYRNA Selfyssingarnir Guðmundur Tyrfingsson og Þorsteinn Aron Antonsson léku með U17 ára landsliði Íslands sem endaði í sjöunda sæti á æfingamóti UEFA (UEFA Development tournament) sem fram fór í Hvíta-Rússlandi í seinustu viku. Ísland tapaði fyrstu tveimur leikjum sínum í mótinu og hafnaði í neðsta sæti síns riðils, þrátt fyrir sigur í lokaumferð riðlakeppninnar. Í lokaleik mótsins lagði Ísland lið Úsbekistan 2-1 í leik um sjöunda sætið.

Guðmundur var fyrirliði liðsins í fyrstu þremur leikjum mótsins og kom inn á sem varamaður í seinasta leiknum en Þorsteinn kom inn á sem varamaður í fyrsta leiknum og var í byrjunarliðinu í hinum þremur leikjum liðsins.

Góður árangur hjá strákunum og mikil reynsla sem þeir öðlast í svona stóru verkefni.

Þorsteinn Aron nr. 14 og Guðmundur nr. 7 fyrir sigurleik í riðlakeppninni gegn Ísrael. Ljósmynd: Umf. Selfoss/Tómas Þóroddsson.

13 titlar á MÍ 15 – 22 ára í frjálsum

FRJÁLSAR Meistaramót í frjálsum fyrir keppendur 15 – 22 ára var haldið í Kaplakrika í Hafnarfirði um síðustu helgi. Öflugt lið af sambandssvæði HSK stóð sig vel á mótinu. Lið HSK/Selfoss varð í þriðja sæti í stigakeppninni á mótinu á eftir ÍR og Breiðablik. Strákarnir í flokki 16-17 ára unnu stigakeppnina í sínum flokki örugglega.

Keppendur HSK unnu til 34 verðlauna, þar af 13 Íslandsmeistaratitla, settu eitt mótsmet og fimm HSK-met féllu.

Eva María Baldursdóttir setti nýtt mótsmet í hástökki í flokki 16 – 17 ára stúlkna þegar hún stökk yfir 1,72 metra og tryggði sér um leið Íslandsmeistaratitilinn.

Sindri Freyr Seim Sigurðsson setti HSK-met í þremur aldursflokkum í sigurhlaupi sínu í 200 metra hlaupi í flokki 16-17 ára, hljóp á 23,09 sek.

Dagur Fannar Einarsson bætti eigið tveggja vikna gamalt met í 60 m hlaupi í tveimur aldursflokkum, hljóp á 7,15 sek. Hann vann svo þrjá titla í 18-19 ára flokki í 400 m, 60 m grindahlaupi og langstökki.

Sindri með HSK met í 200 m hlaupi 16-17 ára og gullið Mynd: Ólafur Guðmundsson

Tómas Þorsteinsson vann þrjá titla í 15 ára flokki í 60 m, þrístökki og kúlu. Elín Karlsdóttir sigraði 1.500 m hlaupi í sama aldursflokki hjá stúlkum.

Í flokki 16-17 ára vann Sebastian Þór Bjarnason langstökk og Einar Árni Ólafsson kastaði kúlunni lengst allra og sveit HSK/Selfoss vann 4x200 m boðhlaup. Einn titill vannst í 20-22 ára flokki, en Ástþór Jón Tryggvason vann 1.500 m.

Heildarúrslit mótsins má sjá á www.fri.is.

Boðhlaupssveit 16-17 ára stúlkna. F.v. Hrefna, Birta, Sunna og Guðný Vala. Mynd: Ólafur Guðmundsson

Fimleikamaður Hamars krýndur í lok sýningar

FIMLEIKAR Fimleikadeild Hamars í Hveragerði hélt glæsilega sýningu í íþróttahúsinu í Hveragerði síðastliðinn laugardag. Yfirskrift sýningarinnar var Draumaveröld Disney og eins og nafnið gefur til kynna var þema sýningarinnar tengt teiknimyndum. Þátttakendur klæddust búningum og dönsuðu við lög og stef úr Disney-myndum. Húsfyllir var á sýningunni, sem var öll hin glæsilegasta. Alls tóku u.þ.b. 150 iðkendur þátt í sýningunni, sem er til marks um öflugt starf fimleikadeildarinnar. Í lok sýningarinnar var fimleikamaður Hamars krýndur fyrir árið 2019, Natalía Rut Einarsdóttir.

Selfyssingar í undanúrslit

HANDBOLTI Kapparnir í 4. flokki Selfoss eru komnir í undanúrslit í bikarkeppninni eftir glæsilegan útisigur á toppliði Fram um seinustu helgi.

Selfyssingar mæta Stjörnunni í bikarnum

HANDBOLTI Dregið var í fjórðungsúrslit í Coca Cola bikarnum í seinustu viku. Strákarnir okkar voru í pottinum og drógust á útivelli gegn Stjörnunni í Garðabæ. Leikurinn fer fram miðvikudaginn 5. febrúar kl. 19:30.

DFS TV

DFS TV má finna inni á DFS.is, fréttavef Dagskrárinnar.

Þar má finna sjónvarpsviðtöl við áhugaverða Sunnlendinga ásamt stuttum myndbrotum úr sunnlensku samfélagi.

Sveitarfélagið ÁRBORG

Rekstur tjaldsvæðis á Stokkseyri

Sveitarfélagið Árborg auglýsir eftir rekstraraðila að tjaldsvæðinu á Stokkseyri

Hlutverk rekstraraðila er að hafa umsjón með tjaldsvæðinu, þ.m.t. umgengni, annast þrif aðstöðuhúsa og hreinsa rusl. Rekstraraðili leggur til áhöld og efni til þrifa, sápur og pappír. Opnunartími er auglýstur frá 1. maí til 1. október. Rekstraraðili innheimtir gjald fyrir notkun svæðisins og rennur gjaldið til hans. Aðstaða á tjaldsvæðinu hefur verið bætt á undanförnum árum og er tjaldsvæðið aðili að Útilegukortinu.

Leitað er að duglegum og drífandi rekstraraðila sem hefur ríka þjónustulund, er snyrtilegur í umgengni og hefur áhuga á að efla ferðaþjónustu á svæðinu.

Í umsókn komi fram nafn og kt. rekstraraðila, upplýsingar um fyrri störf og lýsing á því hvernig umsækjandi uppfyllir hæfniskröfur.

Umsækjendur skili umsókn í Ráðhús Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, eða með tölvupósti á netfangið bragi@arborg.is eigi síðar en þriðjudaginn 17. febrúar 2020.

Sveitarfélagið Árborg

Er höfundur Njálu fundinn?

Guðni Guðmundsson

Allar götur síðan ég ,undirritaður, fór að fylgjast með þjóðmálaumræðunni hafa komið upp vangaveltur, í ræðu og riti, um það hver sé höfundur Njálu. Margar tilgátur hafa komið fram en ekki er hægt út frá þeim að staðfesta með óyggjandi hætti hver sé höfundur Njálu.

Síðasta innlegg í þessa umræðu er bók sem Gunnar á Heiðarbrún ritar og fjallar eingöngu um þetta efni. Ég hef ekki lesið þessa bók. En aftur á móti hef ég lesið viðtöl við hann sem birst hafa í blöðunum, bæði Dagskránni og Morgunblaðinu. Í viðtalinu sem birtist í Morgunblaðinu kemur það fram að hann hefur fundið það út við lestur Njálu að höfundur hefur sterkar og hlýjar taugar til Keldna á Rangárvöllum.

Ég tel að það séu ástæður fyrir því. Kem að því síðar.

Það fyrsta sem ég man eftir í þessari umræðu voru margar og langar greinar eftir Helga Haraldsson á Hrafnkelsstöðum sem birtust í dagblaðinu Tímanum þar sem hann fullyrðir að Snorri Sturluson sé höfundur Njálu. Háskólamenntaðir sagnfræðingar töldu það fráleitt að Snorri væri höfundur Njálu og tilgreina einhvern annan sem væri líklegri (man ekki nafnið á honum). Helgi lenti í miklum ritdeilum við þessa fræðimenn sem birtust í Tímanum á sínum tíma. Helgi gaf sig hvergi með þá skoðun, hvorki fyrr né síðar, að Snorri væri höfundur Njálu.

Löngu síðar hitti ég kunningja minn, sem alla tíð hefur búið í Hrunamannahreppi, sem sagði mér að hann og nokkrir félagar hans höfðu eitt sinn hitt Helga þegar hann var orðinn háaldraður. Þeir höfðu sagt við hann: „Helgi, þegar þú verður kominn yfir í annan heim þá kemur þú fram hjá miðli og segir okkur hver er höfundur Njálu“. Helgi lofar því og dó ekki löngu seinna. Nú bíða þeir félagar spenntir eftir því að Helgi komi fram á miðilsfundi. Það líða árin og ekkert gerist og eru þeir félagar orðnir vondaufir með að Helgi ætli að efna loforðið. En svo kemur hann allt í einu fram á miðilsfundi og segir stutt og laggott. „Snorri er höfundur Njálu en það er ekki allt rétt sem stendur í henni.“ Auðvitað gat hann ekki farið að breyta sinni skoðun þó hann væri kominn í annan heim.

En ég er á þeirri skoðun að það sérkennilega við höfund Njálu er að hann ritar söguna ekki sjálfur, heldur ræður til þess ritara. Enda maður í annasömu embætti og hafði lítinn tíma til ritstarfa.

Víkjum nú að næsta þætti. Það var morgun einn fyrir mörgum árum að ég var að hlusta á útvarpið milli kl. 10 og 11. Að loknum veðurfréttum kom Arthúr Björgvin Bollason með erindi, en hann var viðloðandi Sögusetrið á Hvolsvelli og fór að segja frá grúski sínu við að leita að höfundi Njálu. Svo ég sperrti eyrun. Arthúr Björgvin hafði þá nýverið lesið frásögn manns sem var mjög draumspakur. Sá var fæddur í Flóanum, en uppalinn í Biskupstungum hjá vandalausum og lét vel af því. En það er nú önnur saga. Þessi maður hafði þann sérstaka hæfileika að þegar hann lagðist til svefns á kvöldin gat hann sent hugskeyti í andaheiminn og fengið svör við sínum spurningum í draumi. Þegar þessi saga gerist er hann búsett í Neskaupstað. Bjó þar í 10 ár. Eitt kvöldið meðan hann bjó þar datt honum í hug þegar hann lagðist til svefns að senda þeim spurningu þarna hinu megin hver væri höfundur Njálu. Hann dreymir um nóttina að hann svífi í vesturátt yfir öræfi og jökla þar til hann er kominn á kunnar slóðir í uppsveitum Árnessýslu og er settur niður á holtið norðaustan við Skálholt, þar sem varðan er núna og snýr baki í staðinn. Það líkar honum illa og vill snúa sér við, en það er honum algjörlega meinað. Þá kemur maður aftan að honum og ritar í vinstri lófa – Leggur 1195 og Björn 1205. Þetta væru höfundar Njálu. Þessi draumspaki maður var ekki alveg viss hvort hann ætti að trúa þessu og fór á Þjóðskjalasafnið að vita hvort hann fyndi einhverjar upplýsingar þar um þessa menn. Honum tókst að finna þar að þeir hefðu verið staðarprestar í Skálholti á þessum tíma. Leggur hét reyndar fullu nafni Þórleggur. Á þessum tíma var Páll Jónsson biskup í Skálholti, fæddur og uppalinn á Keldum. Út frá þessu má álykta að Páll biskup hafi sagt söguna, en látið staðarpresta um skriftirnar.

Að framansögðu er því auðvelt að átta sig á því að höfundur Njálu er mjög staðkunnugur í Rangárþingi. Höfundur er líka talinn kunnugur í Vestur-Skaftafellssýslu. Hvar var Páll prestur áður en hann varð biskup? Það veit ég ekki.

Ég tel nú næsta víst að ekki séu allir trúaðir á það sem fram kemur um þennan draumspaka mann, að hægt sé að senda boð í annan heim og fá upplýsingar um eitt og annað í gegn um drauma. Ég trúi þessu vegna þess að ég hef gert þetta sjálfur og ekki talið ástæðu til að rengja þær upplýsingar sem ég hef fengið. En það þýðir ekki að biðja um hvað sem er.

Samkvæmt ofanrituðu er það alveg ljóst í mínum huga að Njála er rituð í Skálholti um aldamótin 1200. Höfuðstöðvum kirkjunnar á þeim tíma. Höfundur er Páll Jónsson biskup og ritarar tveir áður nefndir staðarprestar.

Ritað á jólaföstu 2019 af gamla fyrrverandi kúabóndanum, Guðna á Þverlæk.

Nýr prestur í Eyrarbakkaprestakalli

Umsóknarfrestur um Eyrarbakkaprestakall í Suðurprófastsdæmi rann út 18. desember og sótti einn um, sr. Arnaldur Bárðarson. Auglýst var eftir sóknarpresti til þjónustu við prestakallið frá og með 1. febrúar 2020.

Kjörnefnd kaus sr. Arnald til starfans og hefur biskup Íslands, sr. Agnes M. Sigurðardóttir, staðfest ráðningu hans.

Í samræmi við þær breytingar sem nú hafa orðið á starfsmannamálum þjóðkirkjunnar er sr. Arnaldur ráðinn ótímabundið í starfið með hefðbundnum uppsagnarfresti.

Í Eyrarbakkaprestakalli eru þrjár sóknir, Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarsókn og kirkja er í hverri sókn. Íbúafjöldi í prestakallinu eru 1.443. Prestakallið er í tveimur sveitarfélögum og nær yfir þann hluta Árborgar sem næst er sjó og syðsta hluta Flóahrepps. Einn sóknarprestur starfar í prestakallinu, en umtalsvert samstarf er við presta Selfossprestakalls.

Arnaldur Bárðarson er fæddur 2. júní 1966 á Akureyri og ólst þar upp. Hann var við nám í Menntaskólanum á Akureyri 1982-1985 og lauk stúdentspróf frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla 1989. Kandídatsprófi í guðræði lauk hann frá Háskóla Íslands 1995. Stundaði nám í uppeldis- og kennslufræðum við Háskólann á Akureyri 1996 og lauk meistaraprófi í menntunarfræðum frá Háskólanum á Akureyri 2012. Sr. Arnaldur stundaði framhaldsnám í kennimannlegri guðfræði við norska háskóla á meistarastigi um árs skeið. Þá hefur hann leyfisbréf sem grunn- og framhaldsskólakennari.

Sr. Arnaldur var fræðslufulltrúi kirkjunnar á Norðurlandi frá hausti 1992 til febrúar 1996. Hann stundaði kennslu við Gagnfræðaskóla Akureyrar, Grunnskólann á Raufarhöfn, Stórutjarnaskóla, Hlíðarskóla á Akureyri, Framhaldsskólann á Laugum og Hadsel Videregående skole.

Sr. Arnaldur var sóknarprestur í Raufarhafnarprestakalli frá febrúar 1996 og vígður 25. febrúar s.á. Sóknarprestur í Ljósavatnsprestakalli frá júní 1997 til vors 2003. Prestur við Glerárkirkju á Akureyri frá 2003 til ársloka 2009. Sóknarprestur í norsku kirkjunni frá ársbyrjun 2010 til aprílloka 2017. Var við hótelrekstur í Hafnarfirði frá 2017 til 2019. Hefur verið afleysingarprestur í Breiðabólstaðar-, Bústaðar-, Þorlákshafnar- og Eyrarbakkaprestaköllum.

Eiginkona sr. Arnalds er sr. Ingibjörg Jóhannsdóttir áður prestur í norsku kirkjunni og menntunarfræðingur. Þau eiga fimm syni.

Spennandi sýning í Bókasafni Hveragerðis

Feng Jiang Hannesdóttir fæddist 1962 í Guizhouhéraði í Kína og ólst þar upp. Hún er gift Magnúsi K. Hannessyni sem starfar í utanríkisþjónustu Íslands. Búa þau í Hveragerði ásamt syni sínum Hannesi Hermanni Mahong Magnússyni. Feng starfar nú á Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands og stundar nám við Háskóla Íslands.

Föstudaginn 24. janúar kl. 16-17 verður opnuð sýning á verkum Feng á Bókasafninu í Hveragerði. Um er að ræða fyrstu sýningu hennar á Íslandi en hún hefur áður haldið sýningar í Danmörku. Feng mun taka á móti gestum og bjóða upp á veitingar. Sýningin er opin á sama tíma og bókasafnið, mánudaga kl. 11-18:30, aðra virka daga kl. 13–18:30 og laugardaga kl. 11–14, og mun standa út febrúar.

Nýr deildarstjóri skipulagsdeildar

Sveitarfélagið Árborg hefur hefur ráðið Sigurð Andrés Þorvarðarson, byggingaverkfræðing, í starf skipulagsfulltrúa, sem jafnframt gegnir starfi deildarstjóra skipulagsdeildar. Sigurður Andrés lauk B.S. prófi í byggingartæknifræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2012 og M.Sc. í Byggingarverkfræði frá sama háskóla árið 2014.

Síðustu ár hefur Sigurður Andrés starfað á samgöngusviði Verkís hf. og komið að margvíslegum verkefnum tengdum vega- og gatnahönnun, hönnun á flughlöðum og akbrautum flugvéla, umferðarskipulögum, hjóla- og göngustígum, deiliskipulögum og skipulagsbreytingum. Áður starfaði hann hjá Almennu verkfræðistofunni ehf. sem veghönnuður á umhverfis- og skipulagssviði. Þá hefur Sigurður Andrés gegnt hlutverki verkefnastjóra í mörgum þeirra verkefna sem hann hefur unnið að í framangreindum störfum sínum. Alls bárust 9 umsóknir um starfið en 2 umsóknir voru dregnar til baka.

-gpp

Skemmtilegur bóndadagur og góður þorramatur

Nemendur og starfsmenn Kerhólsskóla héldu saman upp á bóndadaginn föstudaginn 24. janúar. Margir mættu í lopapeysum í skólann og svo var spiluð félagsvist og þorralög sungin. Hápunktur dagsins var þorramaturinn í hádeginu þar sem boðið var upp á glæsilegt hlaðborð en þar var meðal annars hægt að fá hangikjöt, súra hrútspunga, sviðasultu, harðfisk, hákarl og fleira og fleira. Látið var vel af matnum og gengu allir saddir frá borðum. Þorrinn hefst alltaf á föstudegi á bilinu 19.–26. janúar og lýkur á laugardegi áður en góa tekur við en sá laugardagur er nefndur þorraþræll. Meðfylgjandi mynd var tekin í þorramatnum.

Andrés Terry Nilsen, matreiðslumeistari sá um að undirbúa þorramatinn og bera hann fram með sínu fólki. Þetta var jafnframt síðasti dagur Terrys í mötuneytinu eftir þriggja ára starf.

Mynd: MHH

Álagning fasteignagjalda 2020

Álagningu fasteignagjalda í Sveitarfélaginu Árborg fyrir árið 2020 er nú lokið.

Hvorki verða sendir út álagningarseðlar né greiðsluseðlar fyrir fasteignagjöldum ársins 2020.

Álagningarseðlar eru birtir rafrænt á vefsíðunni island.is undir „Mínar síður". Innskráning er með veflykli ríkisskattstjóra eða rafrænum skilríkjum. Sem fyrr birtast kröfur vegna fasteignagjalda í netbanka greiðanda.

Þeir sem þess óska geta fengið heimsenda álagningar- og greiðsluseðla og er þeim bent á að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins í síma 480 1900 eða á netfangið fasteignagjold@arborg.is.

Allar nánari upplýsingar um álagningu fasteignagjalda og innheimtu eru veittar á skrifstofu sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið Árborg
Ingibjörg Garðarsdóttir
fjármálastjóri

ÉG VIL VINNA MEÐ ÞÉR

Vilt þú verða hluti af faglegum, duglegum og skemmtilegum hópi starfsfólks á KFC? Hefurðu áhuga á að vinna fyrir eina stærstu skyndibitakeðju heims og eiga möguleika á að vinna þig upp og þróast í starfi? Við bjóðum upp á sveigjanlegan vinnutíma og frábæra stemningu á vinnustað.

ÓSKUM EFTIR STARFSFÓLKI Á KFC SELFOSSI

Við leitum að skipulögðum og framtakssömum einstaklingum á vaktir 2-2-3 eða í 100% starf. Aðeins 18 ára og eldri koma til greina.

Starfssvið:

Þjónusta við viðskiptavini, pökkun og afgreiðsla á mat, þrif, undirbúningur á morgnana og frágangur á kvöldin.

Hæfniskröfur:

- Góð íslenskukunnátta
- Metnaður í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Geta til að vinna hratt og örugglega undir álagi
- Reynsla af veitingaþjónustu
- Þarf að geta hafið störf strax

Hefur Þú áhuga að slást í hópinn? Fylltu út umsóknarformið á **www.kfc.is/atvinna**
Fyrirspurnir um störfin sendist á **barbara@kfc.is**
Upplýsingar á staðnum: Sandra, Kfc Selfoss, sími: 570 6743

KFC®

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi. Ath. fundur 24. og 31. des. kl. 12 á hádegi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA fundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

Geðræktarmiðstöðin Batasetur Suðurlands
Miðvikudaga kl. 10–14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
Föstudaga kl. 10-12 í Strók
facebook.com/batasetur

BÍLAR

KLETTUR ehf
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
HEKLA
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

STEYPUSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN - TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR HITALÖGNUM
Saga dyragöt, gluggagöt og fleira í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
Ramma inn myndir, spegla og fleira.
Annast einnig sólpallasmíði.
ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 893 9068
STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Fáðu tilboð í auglýsingapakka í blaðið og á vefinn!
Hafðu samband
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messa sunnudaginn 2. febrúar kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Edit A. Molnár. Prestur Guðbjörg Arnardóttir. Súpa í safnaðarheimilinu á eftir gegn vægu gjaldi. Sunnudagaskóli kl. 13:00, athugið breyttan tíma. Umsjón Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir ásamt leiðtogum.

Hraungerðiskirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 2. febrúar kl. 13:30. Kirkjukórinn syngur, organisti Guðmundur Eiríksson. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Hveragerðiskirkja
Messa kl. 11. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar, Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna syngur og leiðir safnaðarsöng undir stjórn Miklós Dalmay. Kl. 12.30: Sunnudagaskóli í umsjón sr. Ninnu Sifjar og Signýjar Óskar.

Skálholtsdómkirkja
Barnasamkoma laugardag kl. 11.00. Umsjón hefur Bergþóra Ragnarsdóttir. Messa sunndag kl. 11.00. Sr. Egill Hallgrímsson annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Sunnudaga kl. 11:00. Samkoma, sunnudagaskóli og kaffiveitingar. English translation available. Allir innilega velkomnir. www.selfossgospel.is.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67 Selfossi, 1. febrúar. Biblíurannsókn kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12, með ræðu verður Gavin Anthony. Verið velkomin.

Kálfholtskirkja
Guðsþjónusta verður sunnudaginn 2. febrúar kl. 14.00.

Ólafsvallakirkja
Hversdagsmessa mánudagskvöldið 3. febrúar kl. 20. Kirkjukórinn syngur hugljúfa sálma í bland við dægurlög undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur organista. Kórfélagar flytja stutt innlegg frá eigin brjósti. Ritningarorð, hugvekja, bæn og blessun. Allir hjartanlega velkomnir.

HEILSA

Hugurinn, líkaminn og sálin
Jákvæðar hugsanir breyta deginum
Energy Touch • Nudd • Nálastungur • Núvitund
Sími 6932197
Ragnhildur Sigurðardóttir
Cand mag í þróttafræðum
Jákvæð sálfræði
Ham, Yoga, NLP Master/Coach
www.thesunflower.is

TIL LEIGU

Stúdíóíbúð
Stúdíóíbúð á Stokkseyri til leigu. Nánari uppl. Í síma 894 2910.

FUNDIR

Athugið!!!
Nýr og breyttur tími á vöfflukaffinu!

Fjórtánda vöfflukaffi vetrar verður haldið næsta föstudag 31. janúar á Eyravegi 15 annarri hæð milli klukkan 17 og 19. Gestur okkar er Oddur Árnason yfirlögregluþjónn á Suðurlandi. Það verður um margt að ræða og hann mun fara yfir málin ásamt Helga S. Sigurðssyni forseta bæjarstjórnar í Árborg. Allir velkomnir.

Opið hús hjá FEB á Selfossi

Verðlaunarithöfundurinn Guðrún Eva Mínervudóttir les úr nýrri bók sinni *Aðferðir til að lifa* af þann 30. janúar nk. Húsið opnað 14:45 og dagskrá hefst 15:10. Kaffi og meðlæti kostar 1000 kr. Molakaffi kostar 200 kr.

Stjórnin.

FÉLAG ELDRI BORGARA HVERAGERÐI
FEBH

29. feb. - Samverustund í Þorlákssetri á miðvikud. kl. 13:00 í Þorlákssetri í febrúar.

12. feb. - Heimsókn í Listasafn Árnesinga, Kristín Scheving, nýr safnstjóri tekur á móti og leiðir okkur um sýninguna Tilvist og Thoreau. Hittumst í safninu kl. 13:00.

19. feb. - Kemur Björk Ingimundardóttir sagnfræðingur með fyrirlestur um prestaköll og söknir einkum í Ölfusi. Afar fræðandi og skemmtilegt.

26. feb. - Verður söngstund með Inga Heiðmar og Sæunni F Grímsdóttur. Allir velkomnir, alltaf gaman að taka lagið saman.

4. mars - Kemur Harpa Viðarsdóttir, lyfjafræðingur, og talar almennt um lausasölulyf, þ.e. lyf sem eru seld án lyfseðils. Bara fróðlegt,tækifæri til að spyrja lyfjafræðinginn.

Þessar upplýsingar fara vel á ísskápnum.

Jarðhræringar síðustu hundrað ára á netið

Jarðvísindastofnun Háskólans hefur opnað nýjan vef, seismis.hi.is, sem hefur að geyma skjálftarit frá skjálftamælum á Íslandi á tímabilinu 1910-2010 og ýmis önnur gögn um jarðskjálfta frá sama tíma. Alls eru um 300 þúsund pappírsrit í skjálftaritasafni landsins.

Skjálftarit er línurit úr skjálftamælum, sírit sem sýna hreyfingu jarðarinnar þar sem mælarnir eru staðsettir. Úr skjálftaritunum má því lesa hvernig og hvenær jörðin bifaðist.

Vefurinn ætti að nýtast öllum sem gætu haft gagn af frumheimildum um virkni í jarðskorpu Íslands, t.d. jarðvísindamönnum sem vilja rannsaka jarðskjálfta, eldvirkni og fyrirbrigði tengd þessari virkni. Skjálftamælar veita einnig upplýsingar um innri gerð jarðar og fjarlæga skjálfta. Sagnfræðingar gætu auk þess haft gagn af skjálftaritunum, jafnvel afbrotafræðingar.

Að sögn Páls Einarssonar, prófessors emeritus við Jarðvísindadeild Háskóla Íslands og annars af upphafsmönnum verkefnisins, er tilgangur þess tvíþættur. „Annars vegar að varðveita gögnin og hins vegar að gera þau aðgengileg til rannsókna á hræringum jarðskorpunnar á Íslandi. Verkið hófst um mitt ár 2017, að frumkvæði Sigurðar Jakobssonar, fyrrverandi jarðefnafræðings hjá Jarðvísindastofnun, og stefnt er að verklokum árið 2021.“



DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
S. 482 1944
dfs@dfs.is

Í blíðu og stríðu

Guðmundur F. Jónsson

viðskipta- og hagfræðingur

Það er svo merkilegt að það er ekki fyrr en náttúran tekur völdin og veitir okkur innsýn inn í þær heljargreipar sem hún hefur á okkar stórbrotna og fallega landi að við verðum meðvituð um hversu breitt bilið er að verða milli landsbyggðarinnar og borgarbúa. Þetta sést glöggt á þeim fréttum sem fylgja stórum atburðum eins og snjóflóðunum á Vestfjörðum. Þá kemur því miður upp það undarlega skilningsleysi sem elítan á höfuðborgarsvæðinu hefur gagnvart náttúruöflunum og þeim landsmönnum sem lifa í samlyndi við náttúruna frá degi til dags.

Meðal þess sem ég hnaut um í þessari umræðu var tillaga eins þekkts þáttastjórnanda á Ríkisútvarpinu. Hann fékk þá flugu í höfuðið að skynsamlegra væri að flytja fólkið í Neskaupstað en að fjárfesta í ofanflóðavörnum. Vörnum sem tryggja eiga að íbúar sem og eigur þeirra séu örugg yfir vetrartímann. Þessi hugmynd RÚV-arans stuðaði marga, eðlilega, enda sýnir hún mikið kaldlyndi gagnvart fólkinu okkar á Norðfirði.

Það er ekkert sjálfsagt við að segja fólki hvar það má og hvar það má ekki eiga heima. Elítan í borginni verður að fara að átta sig á því, annað er ofbeldi. Í kjölfar snjóflóðanna árið 1995 var settur á fót ofanflóðasjóður sem er fjármagnaður með því að fasteignaeigendur greiða viðbótarskatt sem nota á í framkvæmdirnar. Þegar spurt var út í sjóðinn, nú eftir flóðin í janúar, þá kom hins vegar í ljós að um helminginn af fjármagninu vantaði og enginn ráðamaður virðist geta skýrt hvert peningarnir fóru. Þær varnir sem áttu að vera löngu tilbúnar eru það því ekki og verða ekki í bráð. Það er engin furða að fólkið á þessum óvörðu svæðum sé bæði skelkað og reitt enda hefur það fullan rétt á því.

Ríkisstjórninni þótti þetta þó ekkert sérstakt tiltökumál enda hafa þau svo sannarlega ekki lagt sig í framkróka við að útskýra týnda fjármagnið og seinkun á framkvæmdum fyrir þjóðinni. Þeirra framlag var hins vegar að skella sér skælbrosandi um borð í þyrlu Landhelgisgæslunnar og láta hana flytja sig vestur. Þjóðin tók að sjálfsögðu misjafnlega vel í þetta útspil. Sumum fannst ekki við hæfi að brosa í slíkri ferð. Öðrum gramdist að þyrla Landhelgisgæslunnar væri notuð undir skoðunarferðir ráðherra þar sem hún er neyðartæki en ekki einkaþyrla elítunnar. Enn aðrir vildu heldur sjá tíma þessa fólks varið í að finna fjármagnið sem vantar í ofanflóðasjóðinn. Ég var að einhverju leyti sammála öllu þessu fólki. Mér fannst sárvanta samkenndina og sárvanta skilninginn á því sem raunverulega hafði átt sér stað.

Auðvitað megum við þakka fyrir að ekki fór verr og ekkert mannslíf glataðist að þessu sinni. Það má þó ekki loka augunum fyrir þeirri staðreynd að unglingsstúlka grófst undir í flóðinu og það er mikil mildi og ekki síður hetjudáð björgunarsveitarmanna að hún bjargaðist. Stúlkan var heppin en það mun eflaust taka hana einhvern tíma að sleikja sárin og finna til öryggis aftur á heimili sínu.

Af sjö bátum í höfninni á Flateyri var það bara einn bátur, Aldan hans Gísla Jóns Kristjánssonar, sem slapp þegar snjóflóðið féll á höfnina. Vissulega eru bátar dauðir hlutir og við viljum öll frekar sjá skemmda báta en fólk sem grafist hefur í fönn. Það er ekki þar með sagt að ekki sé hægt að tryggja afkomu þeirra sem búa á Flateyri líka. Snjóflóðavarnirnar hefðu átt að vernda höfnina. Það kemur svo í ljós við rannsóknir á atburðinum að varnargarðarnir hafi ekki verið hannaðir fyrir flóð sem fór á svo miklum hraða, en fyrir hvað voru þeir þá hannaðir?

Eitt af því mikilvægasta sem við Íslendingar höfum er samkennd hvert með öðru. Í kjölfar snjóflóðanna þá var talað um að við værum öll Vestfirðingar og við værum öll ein fjölskylda. Ég tel það að miklu leyti vera rétt en það er ekki nóg að ríkisstjórnin notist við fögur fyrirheit þegar framkvæmdirnar verða svo eitthvað allt annað.

Ég vil að þeir fjármunir sem vantar í sjóð fyrir ofanflóðavarnir séu fundnir og framkvæmdir hefjist tafarlaust. Ég vil ekki meira tal frá RÚV-urum á hjóli um hvar fólk eigi að búa og hvar ekki. Ég vil styðja við atvinnulíf úti á landi, tryggja að fólkið okkar hafi í sig og á og missi ekki allt sitt á augabragði þegar náttúran lætur á sér kræla. Reykjavík er ekkert betri staður til að búa á en Vestfirðir, Skagafjörður, Austurland eða aðrir staðir á landinu. Það á ekki að taka eina staðsetningu fram yfir aðra heldur á að gera þeim öllum jafn hátt undir höfði. Þetta er það sem ég tel okkur eiga að vinna að saman á næstu misserum. Að verða ekki bara ein stór fjölskylda þegar eitthvað bjátar á heldur vera það alltaf. Því við erum Íslendingar og Íslendingar standa saman í blíðu og stríðu.

Biskup Íslands óskar eftir presti til þjónustu í Selfosssprestakalli

Biskup leitar nú að presti til að fylla skarð Ninnu Sifjar sem nú er sóknarprestur í Hveragerðiskirkju. Í Selfosssprestakalli eru fjórar skóknir. Selfosssókn, Laugardælasókn, Hraungerðissókn og Villingaholtssókn. Selfosssprestakall tilheyrir tveimur sveitarfélögum Árborg og Flóahreppi. Alls eru tæplega 10800 íbúar á svæðinu og þar af 9246 sóknarbörn. Í prestakallinu starfa sóknarprestur og prestur. Auk þess er héraðsprestur í starfi við prestakallið. Í umsókninni er miðað við að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst, eða í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að ráðning liggur fyrir. -gpp

FOSS

Stjórnar- og nefndarstörf

Hefur þú áhuga á að vinna að verkalýðsmálum?
Ef svo er þá er tækifæri núna.

FOSS óskar eftir félagsmönnum
í stjórnar- og nefndarstörf.

Þeir sem hafa áhuga eru vinsamlegast
beðnir að senda línu á netfangið
foss@foss.bsrb.is fyrir 16. febrúar nk.
eða í skilboð á Facebook.

Kjörnefnd

Mat á umhverfisáhrifum
Drög að tillögu að matsáætlun

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. vinnur að mati á umhverfisáhrifum brennsluofns fyrir dýrahræ og dýraleifar í áhættuflokki 1 og 2 á Strönd á Rangárvöllum í samvinnu við Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. (Environice) í Borgarnesi. Afkastageta ofnsins er allt að 4.000 tonn á ári og starfsemi með slíka afkastagetu fellur undir tölul. 11.02 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og skal því háð mati á umhverfisáhrifum, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu laga.

Nú liggja fyrir drög að tillögu að matsáætlun og gefst almenningi kostur á að koma á framfæri athugasemdum við þau fram til 21. febrúar 2020. Eftir þann tíma verður tillaga að matsáætlun send Skipulagsstofnun til afgreiðslu, sbr. 17. gr. rgl. nr. 60/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Í drögum að tillögu að matsáætlun er fyrirhugaðri framkvæmd lýst og greint er frá helstu áhrifaþáttum framkvæmdarinnar og hvaða áhrifaþættir verða í brennidepli í mati á umhverfisþáttum.

Allir geta kynnt sér tillögudrögin á vefsíðum Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., Rangárþings ytra (www.ry.is) og Umhverfisráðgjafar Íslands ehf. (www.environice.is). Skriflegar ábendingar og athugasemdir skulu berast í síðasta lagi 21. febrúar 2020 á netfangið stefan@environice.is eða í pósti á heimilisfangið:

Umhverfisráðgjöf Íslands ehf.
v/ brennsluofns fyrir dýrahræ og
dýraleifar á Strönd á Rangárvöllum
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes

environice

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2532 Miðvikudagur 29. janúar 2020

Geysissvæðið í friðlýsingarferli

Í tilkynningu frá Umhverfisstofnun kemur fram að stofnunin hafi lagt fram tillögu að friðlýsingu Geysissvæðisins innan marka jarðarinnar Laugar í Bláskógabyggð sem náttúruvættis. Tillagan er unnin af samstarfshópi sem í eiga sæti fulltrúar frá Umhverfisstofnun, Bláskógabyggð og Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Frestur til að senda inn athugasemdir og ábendingar vegna tillögunnar er til og með 23. apríl 2020. Dagskráin hafði samband við Helga Kjartansson, oddvita Bláskógabyggðar sem sæti átti í nefndinni og spurði út í ferlið.

Biskupstungnabraut færð suður fyrir Geysi

Friðlýsingarferlið hófst í febrúar 2017 með fyrsta fundi undirbúningshópsins en hann skipuðu fulltrúar frá Umhverfisstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og Helgi Kjartansson oddviti Bláskógabyggðar. Hildur Vésteinsdóttir frá Umhverfisstofnun stýrði vinnuferlinu. Aðspurður segir Helgi að vinna hópsins hafi gengið vel fyrir sig og góð samstaða hafi verið í vinnuhópnum við útfærslur á friðlýsingunni. „Í fyrstu var stefnt að því að friðlýsa alla jörðina Laug en niðurstaðan var sú að sleppa að gera tillögu um að friðlýsa þann hluta jarðarinnar sem er fyrir neðan þjóðveg. Stefnt er að því að Biskupstungabraut verði færð suður fyrir Geysi og mun því liggja um það svæði sem sleppt var að friðlýsa. Það er mín skoðun að mikilvægt sé að fyrir liggi með endanlega legu vegarins sem fer suður fyrir Geysi. Gríðarleg umferð er um hlaðið á Geysi og er mikilvægt að færsla vegarins geti orðið að veruleika sem fyrst. Færsla vegarins er á samgönguáætlun og er gert ráð fyrir framkvæmdum á öðru tímabili eða á árunum 2025-2029. Færsla vegarins þarf að öllum líkindum að fara í umhverfismat, sú vinna mun taka nokkur ár. Því er mikilvægt að hefja umhverfismatið sem fyrst svo framkvæmdir geti hafist á réttum tíma," segir Helgi.

Svæðið friðlýst sem náttúruvætti

Lengi hefur verið kallað eftir því að friðlýsa svæðið. Við spurðum Helga út í það. „Vinna við friðlýsingarferlið tafðist talsvert á meðan verið var að ganga frá kaupum ríkisins á hverasvæðinu. Eftir að gengið var frá kaupunum hélt ferlið áfram og er nú komið í auglýsingu, hægt er að koma með athugasemdir við friðlýsinguna til 23. apríl nk. Svæðið verður friðlýst sem náttúruvætti í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd. Gætt var að því að sú starfsemi sem hefur verið á svæðinu geti verið þar áfram eins og rekstur tjaldsvæðisins og starfsemi Skógræktarinnar sem er með starfsemi á því svæði sem á að friðlýsa," segir Helgi.

Aðstaða verður bætt og möguleikar á að svæðið nái sér

Mikill þungi ferðamanna hefur verið um svæðið og það látið á sjá. Inntur eftir því hvort breyting verði á stýringu ferðamanna á svæðinu segir Helgi: „Það er gaman að geta þess að nú á sér stað undirbúningur við hönnun á stígum og bættri aðstöðu fyrir gesti inn á hverasvæðinu. Verið er að vinna eftir deiliskipulagi sem samþykkt var 2016 að undangenginni hugmyndasamkeppni. Margir aðilar koma að þessari undirbúningsvinnu sem er unnin af miklum metnaði. Ólíklegt er að nokkuð verði framkvæmt inn á hverasvæðinu á þessu ári en góðar líkur eru á að framkvæmdir geti hafist á næsta ári. Hverasvæðið hefur látið á sjá, eins og fram kom, eftir mikið álag undanfarin ár og því er mikilvægt að framkvæmdir geti farið sem fyrst af stað svo þessi náttúruperla láti ekki meira á sjá."

-gpp

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

Josera
Gæludýrafóður
Fæst hjá
BYKO Selfossi

BÓNFEÐGAR
Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Slökkvitæki ehf
Hleðsla - Sala - Þjónusta
Austurvegi 52 - Selfossi
Sími 666 9990
Verslum við litla manninn

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

MERKINGAR
LASERSKURÐUR
FRÆSINGAR
PRENTUN
Kennslustofa 60
SB SKILTAGERÐ
Þorlákshöfn – Sími 483 1955 – www.sbskilti.is

rauða húsið
restaurant Eyrarbakka
raudahusid.is
483-3330
Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakka
raudahusid@raudahusid.is
opið 17:00-21:00 mið-fim
12:00-21:00 lau-sun

Bílamerkingar
Strigaprentun
Fatamerkingar
Gluggafilmur
Límmiðar
Skiltagerð
Filmulausnir
og merkingar
Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299
filmulausnir@filmulausnir.is Filmulausnir
Opið mánudaga til föstudaga frá kl. 9 -17

Jiiibbiii
Siggaferdir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
- þar sem fagmennirnir vinna
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

DFS.IS
Fáðu tilboð í auglýsingapakka í blaðið og á vefinn!
Sími 482 1944
dfs@dfs.is

FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli G. Guðmundsson
Svanhildur Eiríksdóttir
Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

ÖKUSKÓLI SUÐURLANDS
Meirapróf hefst á Selfossi
föstudaginn 14. febrúar
ef næg þátttaka fæst. Þetta er helgarnámskeið.
Upplýsingar og skráning hjá Þráni í síma 892 9594
eða í netfangið thrainn@okuskoli.is
Ökuskóli Suðurlands - Eyravegi 55, Selfossi - www.okuskoli.is